Nd. **883. Framhaldsnefndarálit**

um frv. til laga um laun embættismanna.

Frá launamálanefnd.

Hv. Ed. hefir gert nokkrar breytingar á frumvarpinu, og eru sumar þeirra allverulegar efnisbreytingar. En þrátt fyrir það getur þó meiri hluti nefndarinnar gengið að frv. eins og það er, og ber því nefndin ekki fram neinar breytingartillögur. En þar sem einstakir nefndarmenn flytja brtt. við frv., samhlj. þeim brtt., sem Nd. hafði áður samþ., en Ed. felt, þá vilja aðrir nefndarmenn láta þess getið, að þó þeir greiddu þeim tillögum atkv. sín áður í deildinni, þá muni þeir ekki gera það nú, til þess að gera ekki ágreining milli deilda.

Alþingi, 17. sept. 1919.

Magnús Pjetursson, formaður. Þórarinn Jónsson, skrifari og frams.m. Sveinn Ólafsson, með fyrirvara.

Matth. Ólafsson. Jón Jónsson. Þorsteinn Jónsson. Hákon J. Kristófersson.